

Sp.

600. Tillaga til þingsályktunar

[218. mál]

um úthlutun listamannalauna 1962.

Frá menntamálaráðherra.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd til að skipta fjárveitingu í fjárlögum fyrir árið 1962 til skálda, rithöfunda og listamanna.

Greinargerð.

Í fjárlögum fyrir árið 1962 eru á 14. gr. B. XIII veittar 1550000 kr. til skálda, rithöfunda og listamanna. Undanfarin ár hefur þingkjörin nefnd annast úthlutun þessa fjár. Þangað til lög verða sett um úthlutun listamannalauna, þykir rétt að halda þeim hætti.